

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurbhöfn, skv. reglugerð nr. 21, 1. febrúar 1971.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 109.

20. mars 1975.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún nr. 13 19. janúar 1973.**

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

Greinar 27—47 falli niður og inn komi nýr kafli, VIII. kafli **Ýmis ákvæði**, og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 48—52 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 110.

20. mars 1975.

## GJALDSKRÁ

**fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps.**

### I. KAFLI

**Um hafnargjöld í Vopnafjarðarhöfn.**

### 1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.